

REGLUR LYKILS FJÁRMÖGNUNAR HF.

STARFSREGLUR STJÓRNAR



Efnisyfirlit

I. kafli Almenn ákvæði	1
1. gr. Gildissvið	1
2. gr. Tilgangur	1
II. kafli Um stjórn	1
3. gr. Kjör formanns stjórnar	1
4. gr. Fundarstjórn og undirbúningur stjórnarfundar	1
5. gr. Boðun stjórnarfunda, fundargögn og fundarstaður	1
6. gr. Lögmati stjórnarfunda og atkvæðagreiðsla	2
7. gr. Ritun fundargerða	2
III. kafli Hlutverk stjórnar, upplýsingagjöf og þagnarskylda	2
8. gr. Hlutverk stjórnar	2
9. gr. Fulltrúi stjórnar	3
10. gr. Reglubundin verkefni stjórnarfunda	3
11. gr. Aðgangur stjórnarmanna að gögnum	3
12. gr. Meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn	4
13. gr. Þagnarskylda stjórnarmanna	4
14. gr. Skipulag innra eftirlits og áhættustýringar	4
IV. kafli Hæfi stjórnarmanna	4
15. gr. Almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna	4
16. gr. Hæfi stjórnarmanna til afgreiðslu einstakra mála	5
V. kafli Um viðskipti venslaðra aðila og þátttöku í atvinnustarfsemi	5
17. gr. Fyrirgreiðsla til venslaðra aðila	5
18. gr. Viðskipti starfsmanna	6
19. gr. Þátttaka í atvinnustarfsemi	6
VI. kafli Stjórnarstörf og viðskiptaerindi stjórnarmanna	6
20. gr. Seta stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja	6
21. gr. Viðskiptaerindi stjórnarmanna	6
VII. kafli Undirnefndir	7
22. gr. Endurskoðunar- og áhættunefnd	7
23. gr. Stofnun annarra undirnefnda	7
VIII. kafli Árangursmat	7
24. gr. Árangursmat	7
IX. kafli Endurskoðun starfsreglna og gildistaka	7
25. gr. Endurskoðun, breytingar og kynning starfsreglna	7
26. gr. Gildistaka	8

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Gildissvið

Starfsreglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 2/1995 um hlutafélög og taka m.a. til verkaskiptingar stjórnar og framkvæmdastjóra. Þessar reglur skulu taka mið af samþykktum Lykils fjármögnunar hf. (Lykill), eins og þær eru á hverjum tíma.

Reglur þessar taka til varamanna þegar þeir gegna störfum sem stjórnarmenn hverju sinni eða þegar slíkt er tekið sérstaklega fram.

2. gr. Tilgangur

Markmið starfsreglnanna er að útfæra nánar fyrirmæli um störf og verkefni stjórnar félagsins til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja óhlutdrægni og jafnræði gagnvart viðskiptavinum við meðferð og afgreiðslu mála. Starfsreglunum er jafnframt ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga tengdum stjórnarmönnum við Lykil og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

II. kafli Um stjórn

3. gr. Kjör formanns stjórnar

Stjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir að hún er kjörin á aðalfundi, og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jöfn við kosningu á milli manna skal varpa hlutkesti. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formanni er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstaka verkefnum sem stjórnin felur honum að vinna.

4. gr. Fundarstjórn og undirbúningur stjórnarfundar

Formaður stýrir stjórnarfundum. Varaformaður stýrir fundum í fjarveru formanns, en ef hvorugur þeirra er á fundi skal stjórnin tilnefna fundarstjóra í það skipti. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir undirbúningi stjórnarfunda.

5. gr. Boðun stjórnarfunda, fundargögn og fundarstaður

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda en er heimilt að fela framkvæmdastjóra umboð til þess. Fundir skulu haldnir hvenær sem formaður telur þörf en þó eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Fund skal halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska eða framkvæmdastjóri telur þess þörf. Fundi skal einnig halda ef endurskoðandi félagsins óskar eftir því.

Fundarboð til stjórnarfundar skal berast til stjórnarmanna með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, nema ef nauðsyn krefst tafarlauss fundar. Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri krefjast stjórnarfundar skal hann boðaður eigi síðar en innan viku frá þeim degi sem stjórnarformaður fékk beiðni um stjórnarfund og skal fundur haldinn eigi síðar en tveimur vikum frá móttöku slíkrar beiðni.

Forföll stjórnarmanna skal tilkynna eins fljótt og mögulegt er til formanns stjórnar og boðar hann varamenn í þeirra stað.

Fundargögn vegna stjórnarfunda skulu vera stjórnarmönnum aðgengileg á sérstöku innra vefsvæði sem skal einungis aðgengilegt stjórnarmönnum og varið fyrir utanaðkomandi aðgangi. Við boðun funda og aðgengi gagna skal gætt að ákvæðum um hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarfundi skal almennt halda á starfsstöð Lykils. Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar með fullt málfrelsi og tillögurétt. Ef fjallað er um mál er varða framkvæmdastjóra skal hann víkja af fundi óski einhver stjórnarmanna þess.

6. gr.

Lögmæti stjórnarfunda og atkvæðagreiðsla

Fundur stjórnar er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með aðstoð rafrænna miðla.

Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Séu atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

7. gr.

Ritun fundargerða

Rita skal fundargerðir fyrir alla stjórnarfundi og þær undirritaðar af viðstöddum stjórnarmönnum. Í fundargerð skal rita nöfn viðstaddra stjórnarmanna, dagskrá og þær ákvarðanir, sem teknar eru á fundi stjórnar. Varðveita skal framlögð fylgigögn með skipulögðum hætti.

Fundargerðir skulu lesnar yfir og undirritaðar í byrjun næsta stjórnarfundar. Stjórnarmönnum er heimilt að láta bóka sérálit sitt í fundargerðabók.

Heimilt er að fá starfsmann Lykils til að sitja stjórnarfund og rita fundargerð. Ef þess er óskað af stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra skal viðkomandi starfsmaður víkja af fundi.

III. kafli

Hlutverk stjórnar, upplýsingagjöf og þagnarskylda

8. gr.

Hlutverk stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun félagsins sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits. Þá ber stjórn ábyrgð á töku meiriháttar ákvarðana í rekstri Lykils í samræmi við gildandi lög og samþykktir félagsins. Stjórn skal sjá til þess að skipulag rekstrar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna Lykils. Stjórn ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn fyrirtækisins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Stjórn lætur útbúa Reglur um fjármögnunarþjónustu og ábyrgðir. Í þeim skal koma fram umgjörð um framkvæmd fjármögnunarþjónustu Lykils, ferli við samþykki fjármögnunar og mörk heimilda framkvæmdastjóra og Fjármögnunarnefndar. Framkvæmdastjóri setur nánari reglur um framkvæmd fjármögnunarþjónustu og ákveður mörk heimilda annarra starfsmanna.

Stjórn skal samþykkja áhættustefnu og áhættuvilja, framkvæmd áhættustýringar skal kynnt stjórn og bókað þar um í fundargerð, auk þess sem stjórn skal tryggja að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega. Þá skal stjórn verja hæfilegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins.

Stjórn skal sjá til þess að framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur fylgi Reglum Lykils fjármögnunar hf. um fjármögnunarþjónustu og ábyrgðir, áhættustefnu og Reglum um framkvæmd áhættustýringar og haldi sig innan heimilda er varða áhættutöku í rekstri Lykils.

Stjórn skal tryggja tilvist skilvirkra upplýsingakerfa til að fylgjast með meginþáttum áhættu, starfsemi, rekstrarafkomu og rekstrarumhverfi Lykils.

Stjórn skal reglulega meta eiginfjárbörf Lykils með hliðsjón af áhættustigi félagsins og bregðast við niðurstöðum þess mats á viðeigandi hátt.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og setja honum starfsreglur. Þá staðfestir stjórn skipan staðgengils framkvæmdastjóra. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

9. gr. Fulltrúi stjórnar

Formaður stjórnar er opinber talsmaður stjórnar nema annað sé ákveðið af stjórn. Aðrir stjórnarmenn skulu ekki tjá sig opinberlega um málefni tengd Lykli. Framkvæmdastjóri skal einnig koma fram opinberlega í þeim tilfellum sem falla undir starfssvið hans eða leiða af eðli máls.

10. gr. Reglubundin verkefni stjórnarfunda

Stjórn skal fjalla um þau mál sem henni ber að annast samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins, svo og þau mál sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórnina. Til leiðbeiningar skal stefnt að því að taka eftirfarandi mál fyrir sem hér segir:

1. Á hverjum reglulegum fundi skal að jafnaði leggja fram upplýsingar um rekstur, efnahag, sjóðstreymi og áhættuþætti í rekstri Lykils (svokölluð „mánaðarskýrsla“).
2. Ársfjórðungslega:
 - a) Stórar áhættuskuldbindingar
3. Tvisvar á ári:
 - a) Árs-/Árshlutauppgjör.
 - b) Mælingar vegna áhættuvilja
 - c) Álagspróf
4. Árlega:
 - a) Stefnumótun og markmið.
 - b) Áhættustefna og yfirlýsing um áhættuvilja.
 - c) Rekstraráætlun.
 - d) Lausafjárstefna og skýrsla áhættustýringar um framkvæmd lausafjárstefnu.
 - e) Eiginfjáraætlun og mat á eiginfjárbörf (ICAAP skýrsla).
 - f) Skýrsla um framkvæmd áhættustýringar (ICAAP skýrsla).
 - g) Skýrsla innri endurskoðanda um stærstu viðskiptavini ásamt mati á áhættu vegna þeirra.
 - h) Skýrsla innri endurskoðanda.
 - i) Skýrsla ábyrgðarmanns um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
 - j) Upplýsingar um fyrirgreiðslu til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna, eigendur virka eignarhluta og aðila í nánnum tengslum við þá, þar sem fyrirgreiðsla fer yfir 10 m.kr. ef um einstakling er að ræða eða 30 m.kr. ef um lögaðila er að ræða.

11. gr. Aðgangur stjórnarmanna að gögnum

Stjórn skal hafa aðgang að öllum gögnum sem varða Lykil og rekstur félagsins til þess að geta sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni. Stjórnarmönnum er óheimilt að fara með gögn er varða þagnarskyldar upplýsingar að lögum af starfsstöð félagsins. Aðgangur stjórnarmanna að upplýsingum um einstaka viðskiptamenn skal vera í samræmi við þessar reglur að öðru leyti, m.a. sérstakar hæfisreglur.

12. gr.**Meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn**

Stjórn skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð Lykils. Í Reglum Lykils fjármögnunar hf. um fjármögnunarþjónustu og ábyrgðir skal skilgreina hvaða einstök viðskipti skulu lögð fyrir stjórn til afgreiðslu.

Eigi stjórnarmenn rétt á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn skulu þær upplýsingar aðeins veittar á stjórnarfundum. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptamenn skulu bornar fram á stjórnarfundum og beint til framkvæmdastjóra eða annarra aðila sem sitja fundinn. Svör við einstökum fyrirspurnum skulu kynnt á stjórnarfundum og bókuð í fundargerð. Stjórnarmönnum er óheimilt að hafa beint samband við starfsmenn Lykils til slíkrar upplýsingaöflunar. Framkvæmdastjóra ber að kynna bann við ofangreindri upplýsingagjöf fyrir starfsmönnum Lykils sem hluta af starfsskyldum þeirra og árétta að berist fyrirspurnir af þessu tagi skuli hann upplýstur um þær.

13. gr.**Þagnarskylda stjórnarmanna**

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við stjórnarsetu sína og varðar fjárhag, rekstur og starfsemi Lykils, viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna Lykils og viðskipta- og einkamálefni starfsmanna Lykils, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af stjórnarstörfum. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að tryggja að þær upplýsingar sem hann fær í hendur sem stjórnarmaður og eru trúnaðarmál verði ekki dreift eða komist í hendur óviðkomandi aðila.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í fyrri málsgrein er bundinn þagnarskyldu á sama hátt og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingarnar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

14. gr.**Skipulag innra eftirlits og áhættustýringar**

Stjórn skal sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi innra eftirlit með starfsemi Lykils í samræmi við umfang reksturs fyrirtækisins og kröfur laga.

Stjórn skal skipa aðila sem sinnir innri endurskoðun á rekstri Lykils samkvæmt ákvæðum laga.

Framkvæmdastjóri skal skipa yfirmann áhættustýringar sem fylgir eftir framkvæmd áhættustýringar.

IV. kafli**Hæfi stjórnarmanna****15. gr.****Almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna**

Í lögum er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna. Stjórnarmönnum ber skylda til þess að upplýsa um atriði sem kunna að vera til þess fallin að draga megi í efa almennt hæfi hans. Stjórnarmaður skal verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu félagsins og félagið skal kynna starfsemi þess með viðeigandi hætti fyrir stjórnarmönnum.

Ef stjórnarmann brestur hæfi til að sinna stjórnarsetu og ekki fæst bætt úr án tafar, skal hann segja af sér. Verði ágreiningur um hæfi stjórnarmanns þannig að meirihluti stjórnar telji að einstakur stjórnarmaður uppfylli ekki almenn hæfisskilyrði laga sem ekki fæst bætt úr án tafar, skal boðað til hluthafafundar til að kynna ágreiningur um hæfi og kjósa nýja stjórn.

Ákvæði þessarar greinar tekur einnig til kjörinna varamanna, þó að þeir hafi ekki setið stjórnarfund.

16. gr.
Hæfi stjórnarmanna til afgreiðslu einstakra mála

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn (varastjórn) eða eru fyrirvarsmenn fyrir, eða þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta. Sama gildir um þátttöku í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast venslaðir þeim með öðrum hætti. Þar er átt við bæði persónuleg og fjárhagsleg tengsl. Þetta ákvæði gildir einnig um meðferð mála er varða samkeppnisaðila stjórnarmanna eða aðila þeim tengdum.

Stjórnarmanni ber að upplýsa stjórn skriflega um þá aðila sem tengjast honum ofangreindum hagsmunatengslum og jafnframt upplýsa um breytingar sem verða. Framangreindar upplýsingar skulu vera aðgengilegar á stjórnarfundum.

Stjórnarmaður skal víkja sæti og ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu máls sem hann brestur hæfi til að taka þátt í. Bóka skal um þessi atriði í fundargerð.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent, telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Verði ágreiningur um hæfi stjórnarmanns til meðferðar einstaks máls, skal stjórnin taka ákvörðun þar um. Sá aðili sem talinn er vanhæfur, skal ekki greiða atkvæði um hæfi sitt.

V. kafli
Um viðskipti venslaðra aðila og þátttöku í atvinnustarfsemi

17. gr.
Fyrirgreiðsla til venslaðra aðila

Þegar veitt er fyrirgreiðsla til aðila sem teljast venslaðir Lykli skal þess gætt að þeir njóti ekki stöðu sinnar umfram aðra sambærilega viðskiptamenn Lykils, auk þess sem gæta skal ákvæða laga um slík viðskipti og tryggingar vegna þeirra.

Við mat á því hverjir teljist til venslaðra aðila er einkum litið til þess hvort viðkomandi aðilar geti notið aðstöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra viðskiptamenn Lykils, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu.

Þeir aðilar sem teljast venslaðir Lykli eru m.a.:

1. Stjórnarmenn og varamenn.
2. Framkvæmdastjóri, sviðsstjórar og lánastjóri.
3. Nánir fjölskyldumeðlimir aðila skv. tölulíð 1-2 eða aðilar í náum tengslum við framangreinda aðila.
4. Hliðstæðir aðilar í dótturfélögum og tengdum félögum og þeir sem tilgreindir eru í tölulíðum 1-3.
5. Hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% af hlutafé félagsins eða teljast til eins af 10 stærstu hluthöfum þess.
6. Fyrirtæki sem aðilar skv. 1.-4. tölulíð og hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% af hlutafé félagsins, eiga a.m.k. 10% hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnunarstöðum fyrir.

Með fyrirgreiðslu er átt við lánveitingar og veittar ábyrgðir til venslaðra aðila, svo og aðrar skuldbindingar venslaðra aðila gagnvart Lykli. Ekki er eingöngu átt við veittar fyrirgreiðslur á tímabilinu heldur einnig meðferð á skuldbindingum sem þegar hefur verið stofnað til, svo sem vegna vanskila, breytinga á skilmálum, tryggingum og skuldbreytingum.

Innri endurskoðandi Lykils skal reglulega fara yfir fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og greina frá niðurstöðu athuganna sinna í skýrslu til stjórnar.

Ytri endurskoðandi skal jafnframt fara yfir fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi. Í skýrslu endurskoðanda skal m.a. koma fram um hvaða samanburðaraðila er að ræða. Skýrslur

ytri endurskoðanda skulu sendar Fjármálaeftirlitinu fyrir 1. apríl annað hvert ár (árlega ef efnahagsreikningur er yfir 50 ma.kr.).

18. gr.

Viðskipti starfsmanna

Stjórn setur, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, Reglur um viðskipti starfsmanna við Lykils fjármögnunar hf. við félagið.

19. gr.

Þátttaka í atvinnustarfsemi

Framkvæmdastjóra er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri nema með sérstakri heimild stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Framkvæmdastjóra er heimilt að sinna tilfallandi kennslu á sínu starfs-, menntunar-, eða áhugasviði án sérstaks samþykkis stjórnar félagsins enda takmarki slíkt ekki getu hans til að sinna starfsskyldum sínum.

Starfsmönnum Lykils er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri nema með sérstakri heimild framkvæmdastjóra. Við veitingu slíks samþykkis skal sérstaklega meta hættu á hagsmunaárekstrum og áhrif þess á getu starfsmanns til að sinna starfsskyldum sínum. Framkvæmdastjóri getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

VI. kafli

Stjórnarstörf og viðskiptaerindi stjórnarmanna

20. gr.

Seta stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja

Standi til að stjórnarmaður taki sæti í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélags, skal stjórn félagsins fjalla um nauðsyn þess og áhrif þess á eftirlitsskyldu viðkomandi sem stjórnarmanns. Ákvæði þetta gildir einnig um varamenn í stjórn.

Framkvæmdastjóra er heimilt að sitja í stjórnnum dóttur- eða hlutdeildarféлага Lykils samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins. Starfsmönnum er heimilt að sitja í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarféлага Lykils samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra. Við töku slíkrar ákvörðunar skal meta líkur á hagsmunaárekstrum.

21. gr.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna

Viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn Lykils fjármögnunar hf. til samþykktar eða synjunar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar er starfsmönnum Lykils heimilt, í samræmi við heimildir þeirra, að afgreiða einstök viðskiptaerindi stjórnarmanna eða fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir án sérstakrar ákvörðunar stjórnar, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Að um sé að ræða viðskipti þar sem viðkomandi aðili hefur gengist undir hefðbundna skilmála vegna viðskiptanna.
- Að um hefðbundin viðskipti sé að ræða miðað við starfsemi Lykils.
- Að viðskiptin séu afgreidd á sama hátt og önnur sambærileg viðskipti ótengdra aðila.
- Að uppfyllt séu ákvæði stjórnvaldsfyrirmæla um töku trygginga vegna fyrirgreiðslu til stjórnarmanna o.fl. (nú reglur 162/2011).
- Að fjárhæð persónulegra viðskipta nemi að hámarki 10 milljónum króna eða fjárhæð fyrirtækis nemi að hámarki 30 milljónum króna.

Þrátt fyrir að viðskipti uppfylli ofangreind skilyrði er framkvæmdastjóra heimilt að vísa til stjórnar einstökum málum.

Stjórn skal reglulega og eigi sjaldnar en árlega upplýst um öll afgreidd viðskiptaerindi í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

Ákvæði þetta gildir einnig um varamenn í stjórn.

VII. kafli

Undirnefndir

22. gr.

Endurskoðunar- og áhættunefnd

Undir stjórn skal starfa Endurskoðunar- og áhættunefnd sem í sitja þrír menn sem stjórn skipar, þar af tveir nefndarmenn hið minnsta, sbr. lög um ársreikninga og lög um fjármálafyrirtæki.

Stjórn skal setja Endurskoðunar- og áhættunefnd starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk og starfsemi nefndarinnar. Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda sömu reglur og um stjórn. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

23. gr.

Stofnun annarra undirnefnda

Stjórn skal heimilt að stofna undirnefndir til að fjalla um ákveðna þætti í rekstri félagsins. Stjórn kýs nefndarmenn í undirnefndir og skipar formenn þeirra.

Stofnun undirnefnda skal gerð með ákvörðun þar sem m.a. skal koma fram tilgangur nefndar, fjöldi nefndarmanna, helstu verkefni og starfsreglur. Stjórn getur lagt niður þær undirnefndir sem hún skipar skv. þessari grein.

VIII. kafli

Árangursmat

24. gr.

Árangursmat

Stjórn skal árlega meta störf sín, stjórnarhætti, stærð, samsetningu, verklag og hvort ástæða sé til að skipa undirnefndir stjórnar. Stjórn skal jafnframt eigi sjaldnar en árlega meta störf framkvæmdastjóra.

IX. kafli

Endurskoðun starfsreglna og gildistaka

25. gr.

Endurskoðun, breytingar og kynning starfsreglna

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirbúa og samþykkja nauðsynlegar breytingar á starfsreglum þessum eftir því sem ástæða er til. Endurskoðaða skal starfsreglur þessar eins oft og þurfa þykir. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

Þeir sem eiga sæti í stjórn við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit reglnanna. Samþykki stjórn breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum.

Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum Lykils skal afhent eintak af starfsreglum stjórnar félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma. Gæta skal sérstaklega að því að nýir stjórnarmenn fái afrit af reglum þessum.

26. gr.
Gildistaka

Reglurnar taka gildi við undirritun stjórnar.

Afrit af reglum þessum skal senda Fjármálaeftirlitinu innan 14 daga frá því þær eru settar eða þeim er breytt.

Reykjavík, 16. desember 2019

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.

BRUNJA STEINSEN
Myllur
Jón Ólafur
Jón Ólafur
Jón Ólafur
Jón Ólafur